

Alþingi
Erindi nr. P 121/1687
komudagur 22.4.1997

14.04.1997

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Hafðísar Ólafsdóttur, nefndarritara
Pórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

SG/hþ

Umsögn Siðaráðs landlæknis um frumvarp laga um réttindi sjúklinga.

Siðaráð lýsir yfir ánægju sinni með frumvarpið og er það mjög til bóta og löngu tímabært. Ýmsir fulltrúar ráðsins hafa fjallað um frumvarpið á fyrri stigum og tveir þeirra áttu þátt í samningu þess. Á þessu stigi hefur ráðið því einungis örfáar athugasemdir fram að færa.

- Engin ákvæði um vísindasiðanefnd eru í frumvarpinu en þess getið í 2. grein að "mat á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar" og í 10. gr. eru ákvæði um upplýsingaskyldu til þátttakenda o.fl. Allt eru þetta atriði sem falla að starfssviði vísindasiðanefndar. Nú eru engin lagaákvæði hér á landi um starfsemi slíkra nefnda og í reynd finnst hér ekkert í íslenskum lögum sem leggur þær skyldur á herðar rannsóknarmönnum að leggja rannsóknaráætlanir sínar um vísindarannsóknir á fólk fyrir vísindasiðanefndir. Hér erum við eftirbátar allra nágrannaþjóða enda þótt vísindasamfélagið hafi fyrir löngu séð þörfina á þessu og sem betur fer eru flestar slíkar rannsóknir nú bornar undir nefndir af þessu tagi hérlendis þótt svo sé ekki um allar. Helstu vísindasiðanefndir starfandi í landinu nú eru Siðaráð landlæknis og nefndir sem starfa á Landspítala og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Mjög er brýnt að málum þessum verði komið á fastan grundvöll. Enda þótt aeskilegast sé að sérstök lög verði sett um vísindasiðanefndir getur slík lagasetning tekið nokkurn tíma. Lagafrumvarpið um réttindi sjúklinga virðist þó geta borið slíkt lagaákvæði. Því er lagt til að við 2. grein verði bætt við setingu sem leggi rannsóknarmönnum þá skyldu á herðar að leggja rannsóknaráætlanir fyrir þar til gerða vísindasiðanefnd. Nánar má síðan kveða um starf hennar og vettvang í reglugerð.
- Síðustu tvær setningar 12. greinar virðast óþarfar enda er fjallað um hliðstæða hluti í 15. grein læknalaga. Auk þess er um undanþáguákvæði að ræða sem ættu frekar heima í 13. grein ef niðurstaðan verður sú að þau eigi heima í þessu frumvarpi.
- Ástæða er til að bæta því við undanþáguákvæði 13. greinar að þagnarskylda eigi ekki við um samskifti heilbrigðisstarfsfólks í milli um tilfelli sjúklings sem nauðsynleg eru vegna greiningar sjúkdóms og meðferðar.

Siðaráð er að sjálfsögðu tilbúið til þess að ræða frekar um einstök efni frumvarpsins óski heilbrigðis- og trygginganefnd Alþings þess.

Með bestu kveðju,
f.h. Siðaráðs landlæknis.

Vilborg Ingólfssdóttir
Vilborg Ingólfssdóttir
ritari

Sigurður Guðmundsson
Sigurður Guðmundsson
formaður